




## Til hamingju með kaup þín á myPOS Smart posanum

sem er byltingakennd hreyfanleg greiðsluvél sem tekur við kredit- og debetkortagreiðslum á öruggan hátt!

Áður en þú byrjar að nota myPOS Smart posann þinn skaltu vinsamlega skrá þig á [www.mypos.com](http://www.mypos.com) til að fá ókeypis rafeyrisreikning og til að virkja myPOS Smart tækið.

### Svona hefjumst við handa:

#### 1. Hvernig skal taka við greiðslum




Opnaðu foruppsetta **Greiðslur** appið með því að smella á appmerkið á heimaskjánum. Sláðu inn upphæð færslunnar og ýttu á **Lokið**. Settu kortið í raufina á botni posans, renndu því eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann - eftir því hvernig kort viðskiptavinnur þinn er með - til að vinna úr greiðslunni. Sláðu inn PIN númer ef þarf.


#### 2. Hvernig skal ógilda færslu

Aðeins er hægt að ógilda síðustu greiðslu eða endurgreiðslu sem gerð var.

Í **Greiðslur** appinu skaltu ýta á **Ógilda síðustu færslu** í aðalvalmynd appsins í efra vinstra horninu. Upplýsingar um síðustu færslu sem fór í gegn koma upp. Ýttu svo á **Staðfesta** til að halda áfram. Ef færslan fer í gegn skaltu smella á **Afrit** til að prenta út afrit fyrir viðskiptavin/sóluaðila. Ef færslunni er hafnað mun sjálfkrafa prentast út afrit viðskiptavinnar með ástæðu höfnunar.



#### 3. Hvernig skal gera endurgreiðslu



Smelltu á **Endurgreiðsla** í **Greiðslur** appinu. Sláðu inn upphæð endurgreiðslu og ýttu á **Lokið**. Settu inn, renndu eða haltu kortinu eða snjallsímanum fyrir ofan NFC lesarann á posanum og sláðu inn kóða ef þarf. Ef færslan er samþykkt geturðu smellt á **Afrit** til að fara á Afrit skjáinn. Ef greiðslan er Chip & PIN skaltu einfaldlega taka kortið út. Ef færslunni er hafnað mun sjálfkrafa prentast út afrit viðskiptavinnar með ástæðu höfnunar.

## 4. Hvernig skal gefa út afrit

Þegar færsla hefur verið samþykkt í **Greiðslur** appinu, mun Afrit skjárinn koma upp. Veldu svo að prenta eða senda afrit með tölvupósti eða textaskilaboðum. Ef þú vilt ekki afrit skaltu ýta á X í efra hægra horninu á skjánum til að klára færsluna.

## 5. Hvernig skal gera áfyllingu

Smelltu á **Top-up** appmerkið á heimaskjánum. Sláðu inn farsímanúmer með landakóða og ýttu á **Áfram**. Veldu fjarskiptafyrirtæki viðskiptavinar og sláðu inn áfyllingarupphæð. Smelltu á **Staðfesta** til að fylla á. Ef færslan tókst mun **Afrit** skjár koma upp og þar getur þú gefið út afrit eða sent afrit með tölvupósti.

## 6. Hvernig skal senda greiðslubeiðni

Ýttu á **Greiðslubeiðni** appið á heimaskjánum. Sláðu inn upphæð og ýttu á **Áfram**. Sláðu inn tölvupóstfang eða farsímanúmer og ýttu á **Áfram**. Smelltu á **Senda** til að staðfesta. Ef færslan tókst koma upp skilaboð til staðfestingar.

## 7. Hvernig skal nota App Market appið

Smelltu á App Market merkið á heimaskjánum. Smelltu svo á appið sem þú vilt ná í. Smelltu á **Uppsetning** til að hlaða niður appinu. Veittu síðan aðgangsleyfi og ýttu á **Uppsetning**. Þú getur síðan byrjað að nota smáforritið.

## 8. Hvernig skal uppfæra POS hugbúnaðinn?

Það er ekkert mál! Þú færð tilkynningu þegar uppfærsla er fáanleg. Þá geturðu einfaldlega gert eftirfarandi:

Ýttu á uppfærslutilkynninguna og þú ferð sjálfkrafa á „Stillingar“ valmyndina. Ýttu svo á „Uppfæra hugbúnað“ og tækið mun sýna þér þá þætti hugbúnaðarins sem þarf að uppfæra. Ýttu á „Uppfæra“ og tækið mun sjálfkrafa hlaða niður og setja upp uppfærsluna. Þá er það komið!

Þú færð einnig tilkynningar um uppfærslur fyrir App Market öpp. Uppfærsluferlið er það sama.

Þarftu meiri upplýsingar? Skoðaðu FAQ hlutann á [www.mypos.com](http://www.mypos.com)